

LÖG

um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja
fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34
og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 74, 21. ágúst 1974.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

179. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytinu“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi: fangelsismálastofnun.

2. gr.

189. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „dómsmálaráðuneytisins“ komi: fangelsismálastofnunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nr. 42

LÖG

20. maí 1988

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars, og skal það vera hið sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Hafi sveitarfélag ekki tilkynnt ákvörðun sína í tæka tíð skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980 skal miða við fyrra árs ákvörðun þess.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo: Þrátt fyrir það að innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sé hið sama á öllu landinu, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga miðað við þann hundraðshluta sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1988.

Þorsteinn Pálsson.**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

Jón Baldvin Hannibalsson.